

Samningur Sam-einuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks



Fáni Sam-einuðu
þjóðanna



ÁTAK

- félag fólks með þroskahömlun



SENDIHERRAR

Samningur Sam-einuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks



Fáni Sam-einuðu
þjóðanna





AUÐLESINN TEXTI

©2016 Átak

Útgefandi: Átak, félag fólks með þroskahömlun

Háaleitisbraut 13,

108 Reykjavík

Sími 588 9390

atak@throskahjalp.is

Eigandi efnis: Landssamtökin Þroskahjálp

Umbrot: G10 ehf – umbrot og hönnun

gunnar@g10.is

Prentun: Litlaprent ehf, Kópavogi

Efnisyfirlit

Ávarp	5
Sam·einuðu þjóðirnar	7
Mann·réttindi	8
Mann·réttinda·sáttmáli	9
Samningurinn	10
Innihald	11
Í inn·gangi samningsins segir:	13
Í 1. grein er fjallað um til·gang sátt·málans:	15
Í 2. grein eru út·skýringar:	17
Í 3. grein er sagt hver eru aðal·atriði sátt·málans:	19
Í 4. grein er fjallað um hvaða breytingar þarf að gera:	23
Í 5. grein er fjallað um jafn·rétti:	27
Í 6. grein er fjallað réttindi fatlaðra kvenna:	29
Í 7. grein er fjallað um vernd fatlaðra barna:	31
Í 8. grein er fjallað um að breyta þurfi við·horfum til fatlaðs fólks:	33
Í 9. grein er fjallað um að·gengi:	35
Í 10. grein er fjallað réttinn til lífs:	39
Í 11. grein er fjallað um þegar það er hættu·ástand	41
Í 12. grein er fjallað um laga·lega stöðu fatlaðs fólks:	43
Í 13. grein er fjallað um að·gang að réttar·kerfinu:	47
Í 14. grein er fjallað frelsi og öryggi:	49
Í 15. grein er fjallað um bann við því að meiða fólk eða koma fram við það af ó·virðingu.	51

Í 16. grein er fjallað um að ekki megi mis-nota fólk eða beita það of-beldi:	53
Í 17. grein er fjallað um virðingu fyrir fötluðu fólki og eigin-leikum þess:	57
Í 18. grein er fjallað um ferða-frelsi og það að til-heyra ríki:	59
Í 19. grein er fjallað um réttinn til að lifa sjálf-stæðu lífi í sam-félaginu án að-greiningar:	61
Í 20. grein er fjallað um ferða-þjónustu og að-gengi: 63	63
Í 21. grein er fjallað um frelsi til að segja skoðanir sínar og að-gengi að upp-lýsingum:	65
Í 22. grein er fjallað um virðingu fyrir einka-lífi:	67
Í 23. grein er fjallað um virðingu fyrir heimilis-lífi og fjöl-skyldu-lífi:	69
Í 24. grein er fjallað um réttinn til menntunar:	71
Í 25. grein er fjallað um réttinn til heil-brigðis-þjónustu.	73
Í 26. grein er fjallað um hæfingu og endur-hæfingu: 77	77
Í 27. grein er fjallað um at-vinnu:	79
Í 28. grein er fjallað um efnahags-lega stöðu og félags-lega vernd:	83
Í 29. grein er fjallað um þátt-töku í stjórn-málum og opinberu lífi:	87
Í 30. grein er fjallað um þátt-töku í menningar-lífi, tóm-stundum og íþróttum:	89
Í 31.–50. grein er fjallað hvernig á að passa upp á að farið sé eftir þessum sátt-mála:	93

Lesandi góður.

Með þessari bók langar okkur að hvetja þig til góðra verka og vekja athygli á slagorði fólks með þroskahömlun — „Ekkert um okkur án okkar“.

Bókin: *Samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* á auðskildu máli er til þess að þú lesandi góður getir sett þig inn í mikilvæg réttindi fatlaðs fólks á Íslandi.

Í kjölfar fundarins *Frambjóðendur svara sem Átak, félag fólks með þroskahömlun*, hélt fyrir alþingiskosningarnar 2016 í samstarfi við sendiherra *Samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* og þáttastjórnendur *Með okkar augum*, finnst okkur mikilvægt að minna á þau fjölmörgu málefni sem skipta okkur máli.

Þar má nefna menntunartækifæri, atvinnuþátttöku, búsetu, lögleiðingu NPA, sýnileika á öllum sviðum samfélagsins og þátttöku okkar í öllu því sem snýr að lífi okkar.

Í 4. grein *Samnings Sameinuðu Þjóðanna, um réttindi fatlaðs fólks*, segir að fatlað fólk og hagsmunasamtök eigi að fá tækifæri til að vinna með þeim sem móta stefnur og setja lög sem fjalla um fatlað fólk.

Átak, félag fólks með þroskahömlun, eru hagsmunasamtök fólks með þroskahömlun og voru samtökin stofnuð 20. september 1993.

Hlutverk félagsins er að gæta að réttindum fólks með þroskahömlun og gæta að rödd þess fái að heyrast í samfélaginu.

Við viljum — og eigum rétt á að — koma að málum sem snerta líf okkar. Við hvetjum þig, sem þetta lest, til að virða 4. grein samningsins og hafa okkur með í ráðum þegar þú ert að fjalla um málefni sem varða okkur og líf okkar — og styðja okkur til góðra verka.

Við óskum þér velfarnaðar á þeirri vegferð sem þú nú leggur út á og viljum minna þig á að félagsmenn *Átaks, félags fólks með þroskahömlun* og *sendiherrar Samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* eru ávallt reiðubúnir að leggja hönd á plóginn varðandi verkefni framtíðar.


Reykjavík 21. desember 2016,

fyrir hönd Átaks, félags fólks með þroskahömlun og sendiherra Samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks,

Aileen Soffía Svendsdóttir og Ína Owen Valsdóttir.



Sam·einuðu þjóðirnar




Sam·einuðu þjóðirnar er stofnun þar sem þjóðir í heiminum hittast til að ræða og komast að sam·komu·lagi um mikil·væg mál sem varða okkur öll.

Sam·einuðu þjóðirnar vilja frelsi og jafn·rétti allra.

Sam·einuðu þjóðirnar vilja að réttindi allra séu virt og allir njóti sömu virðingar.

Mann·réttindi




Mann·réttindi eru réttindi sem allir eiga.


Dæmi:

- Allir eiga rétt til að lifa.
- Allir eiga rétt á frelsi.
- Allir eiga rétt á virðingu

Því miður eru mann·réttindi fatlaðs fólks stundum brotin.



Mann·réttinda·sáttmáli




Sam·einuðu þjóðirnar hafa búið til *samning* um réttindi fatlaðs fólks.

Mörg lönd hafa lofað að fylgja þessum *samningi*.

Svo·leiðis samningur kallast mann·réttinda·sáttmáli.

Samningurinn



Hér er fjallað um innihald mann·réttinda·sáttmálans á auð·skildu máli.

Orðið „**sátt·málinn**“ er notað til ein·földunar.

Innihald



Sátt·málinn fjallar um réttindi fatlaðs fólks.


Sátt·málinn fjallar líka um hvernig á að passa að réttindi fatlaðs fólks séu tryggð í landinu.

Til að skoða allan sátt-málann þarftu að fara inn á:

https://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Samningur_fatladra.pdf




Í inn-gangi sátt-málans segir:




Til að tryggja frið og rétt-læti í heiminum þarf að viður-kenna að allir hafi jöfn réttindi.

Fatlað fólk verður oft fyrir hindrunum sem gerir því erfitt að taka þátt í sam-félaginu.

Margt fatlað fólk lifir í fátækt.
Þessu þarf að breyta.



**Í 1. grein er fjallað um
tilgang sátt-málans:**



Sátt-málinn á að passa upp á
að allir hafi sömu réttindi.

Sátt-málinn á að passa upp á
að allir hafi frelsi.

Sátt-málinn á að passa upp á
að borin sé virðing fyrir öllum.

Sátt·málinn segir að fatlað fólk séu ein·stak·lingar sem eru hreyfi·hamlaðir, geð·fatlaðir, þroska·hamlaðir, blindir, sjón·daprir og heyrnar·skertir.

Í 2. grein eru út·skýringar:

Tjá·skipti er ekki bara talað mál, heldur eru til margar aðrar tjáskipta·leiðir.



Mis·munun er það þegar fatlað fólk er skilið út undan eða þegar ekki er tekið tillit til fötlunar þess.



„**Við·eigandi hag·ræðing**“

er það þegar gerðar eru ákveðnar breytingar til að mæta sér·stökum þörfum fatlaðs fólks.

Það á að gera ráð fyrir því að fólk er mis·mun·andi þegar það er verið að búa til hluti, þannig að allir geti notað þá.

Í 3. grein er sagt hver eru aðal·atriði sátt·málans:

Það á að bera virðingu fyrir öllum og leyfa fólk að taka sínar eigin ákvarðanir.




Það má ekki mis·muna fólk.

Það á að vinna að því að fatlað fólk geti tekið þátt í sam·félaginu.

Það á bera virðingu fyrir því
að fólk er mis·munandi.


Allir eiga að hafa jöfn
tæki·færi.



Það á að vera gott að·gengi.




Það á að vera jafn·rétti milli
karla og kvenna.



Það á að passa upp á réttindi
fatlaðra barna.



Í 4. grein er fjallað um hvaða breytingar þarf að gera:



Það á að sjá til þess að mann·réttindi og frelsi fatlaðs fólks séu virt í dag·legu lífi.

Það á að passa upp á að fötluðu fólki sé ekki mis·munað vegna fötlunar sinnar.

Það þarf ef til vill að breyta lögum og samþykkja ný vegna sátt-málans

Það þarf líka að breyta venjum sem fela í sér mis-munun gagn-vart fötluðu fólki.

Þeir sem vinna með fötluðu fólki eiga að fá fræðslu um réttindi þeirra.

Fatlað fólk og hags-muna-samtök eiga fá tæki-færi til að vinna með þeim sem móta stefnu og setja lög sem fjalla um fatlað fólk.

Í 5. grein er fjallað um jafn·rétti:



Allir eru jafnir og eiga rétt á jafnri vernd sam·kvæmt lögum.

Það á að banna mis·munun og passa upp á að enginn verði fyrir mis·munun.

Tryggja þarf að fatlað fólk hafi jöfn tæki-færi á við ó-fatlaða.

Þess vegna á fatlað fólk rétt á „**við-eigandi hag-ræðingu**“.

Það þýðir að fatlað fólk á rétt á því að gerðar séu sér-stakar breytingar til að að-stoða það vegna fötlunar sinnar.

Í 6. grein er fjallað réttindi fatlaðra kvenna:



Fatlaðar konur og stúlkur þurfa sér-stakan stuðning og vernd til að ná jafn-rétti.

Í 7. grein er fjallað um vernd fatlaðra barna:




Passa þarf að fötluð börn hafi sama rétt og önnur börn.

Í málum sem eru um börn þarf alltaf að skoða hvað er best fyrir barnið.

Börn eiga alltaf að fá að segja sína skoðun um mál sem fjalla um þau.

Börn eiga að fá upp·lýsingar um þennan rétt sinn.

Í 8. grein er fjallað um að breyta þurfi við·horfum til fatlaðs fólks:




Það þarf að auka virðingu fyrir réttindum fatlaðs fólks í sam·félaginu og hjá fjöl·skyldum.

Það á að berjast gegn for·dómum sem fatlað fólk verður fyrir.

Það á að vekja athygli á færni og dugnaði fatlaðs fólks.

Það á byrja að breyta við-horfinu hjá börnum og kenna þeim að bera virðingu fyrir réttindum fatlaðs fólks.

Það á að hvetja fjöl-miðla til að fjalla um fatlað fólk með virðingu og á já-kvæðan hátt.



Í 9. grein er fjallað um að-gengi:



Gera þarf breytingar til að fatlað fólk geti lifað sjálf-stæðu lífi.


Tryggja þarf að-gengi fatlaðs fólks að byggingum, um-hverfi, sam-göngu-tækjum og upp-lýsingum.

Þess vegna á fatlað fólk að fá
aðstoð eftir þörfum.

Setja þarf reglur um aðgengi
fyrir alla og passa upp á að
farið sé eftir þeim reglum.

Allt sem hindrar aðgengi þarf
að taka í burtu.

Leiðbeiningar á stöðum sem
eru fyrir alla eiga líka að vera
á blindra-letri og á auðskildu
máli.



Upplýsingaþjónusta á að
vera eins ódýr og hægt er.

Í 10. grein er fjallað réttinn til lífs:



Allir hafa sama rétt til að lifa.

Passa þarf upp á að réttur fatlaðs fólks til að lifa sé virtur.

Í 11. grein er fjallað um þegar það er hættu-ástand t.d. eld-gos eða stríð:



Það þarf að skoða sér-stak-lega hvernig mæta á þörfum fatlaðs fólks þegar gerðar eru á-ætlanir um hættu-ástand.

Í 12. grein er fjallað um laga·lega stöðu fatlaðs fólk:




Það þarf að passa upp á að fatlað fólk hafi sama rétt sam·kvæmt lögum og aðrir.

Til þess að fatlað fólk geti notað réttindi sín í dag·legu lífi á það rétt á að·stoð eftir þörfum.

Aðstoðin á að vera eins og hinn fatlaði vill hafa hana og það á að fara eftir því sem hann biður um.

Það á bara að veita aðstoð ef hinn fatlaði getur ekki séð um sín mál sjálfur.

Þeir sem aðstoða fatlað fólk eiga að *fylgja ákveðnum* reglum. Það á líka að hafa eftirlit með þeim.



Fatlað fólk á sama rétt og aðrir til að eiga og erfa eignir, stjórna peninga·málum sínum og taka lán.

Í 13. grein er fjallað um aðgang að réttarkerfinu:



Réttarkerfið eru til dæmis
lögreglan og dómstólar.

Passa þarf að fatlað fólk hafi
aðgang að réttarkerfinu eins
og aðrir.

Passa þarf þegar mál eru
rannsókuð að fatlað fólk hafi
sama rétt og aðrir.

Fatlað fólk á að hafa sömu stöðu og aðrir við meðferð og rannsókn mála, til dæmis með því að bera vitni.

Starfsfólk í réttarkerfinu á að fá fræðslu um fatlanir og fatlaða. Þetta á til dæmis við um starfsfólk fangelsa og lögreglu.

Í 14. grein er fjallað frelsi og öryggi:



Passa þarf að fatlað fólk hafi sama rétt og aðrir til að njóta frelsis og öryggis.

Það má ekki takmarka frelsi hjá fötluðu fólki bara af því það er fatlað.

Ef það þarf að takmarka frelsi hjá fólki verður að fylgja því sem stendur í lögum og mannréttinda-sáttmálum.

Í 15. grein er fjallað um bann við því að meiða fólk eða koma fram við það af óvirðingu.




Það er bannað að nota meðferðir eða refsingar sem meiða fólk eða sýna því óvirðingu.

Ekki má gera
læknis·rann·sóknir eða
vísinda·til·raunir á fötluðu
fólki nema það hafi gefið
sam·þykki sitt.

Það á að passa sér·staklega
upp á hvernig fötluðu fólki er
veitt með·ferð eða refsing.
Það má ekki gera það á
meiðandi hátt eða þannig að
komið sé fram við fatlað fólk
af ó·virðingu.

**Í 16. grein er fjallað um að
ekki megi mis·nota fólk eða
beita það of·beldi:**



Fatlað fólk og fjöl·skyldur
þeirra eiga að fá að·stoð
og þjónustu til dæmis með
fræðslu um hvernig á að
koma í veg fyrir of·beldi og
hvert er hægt að leita.

Passa þarf upp á að fatlað fólk verði ekki fyrir of·beldi eða mis·notkun. Hvort sem það er á heimili þess eða annars staðar.

Þess vegna þarf að hafa eftir·lit með þeirri að·stöðu og þjónustu sem fatlað fólk fær.

Þeir sem hafa orðið fyrir of·beldi og mis·notkun eiga rétt á stuðningi og endur·hæfingu.

Setja þarf lög sem passa upp á að of·beldi gegn fötluðu fólki sé rann·sakað og kært til lög·reglu.

Í 17. grein er fjallað um virðingu fyrir fötluðu fólki og eigin·leikum þess:



Fatlað fólk á rétt á að borin sé virðing fyrir þeim og fötlun þeirra hvort sem hún er líkam·leg eða and·leg.

Í 18. grein er fjallað um ferða-frelsi og það að til-heyra ríki:




Fatlað fólk á sama rétt og aðrir til að velja sjálft í hvaða landi það býr og hefur ríkis-borgara-rétt.

Fatlað fólk á sama rétt og aðrir til að fá vega-bréf ferðast til út-landa.

Fatlað fólk á rétt til að geta snúið til heima-lands eftir dvöl í út-löndum.

Fötluð börn eiga rétt á að vera skráð við fæðingu sem ríkis-borgarar fá sitt eigið nafn, þekkja foreldra sína og fá um-önnun þeirra.

Í 19. grein er fjallað um réttinn til að lifa sjálf-stæðu lífi í sam-félaginu án að-greiningar:



Fatlað fólk á sama rétt og aðrir til að lifa í sam-félaginu. Það á líka sama rétt og aðrir til að velja og hafna.

Fatlað fólk á að hafa tæki-færi til að velja sjálfst hvar það býr, hvernig og með hverjum.

Fatlað fólk á að fá margs konar aðstoð eins og til dæmis heimaþjónustu og aðra þjónustu sem hjálpar því að lifa í samfélaginu án aðgreiningar.

Passa þarf upp á að fatlað fólk einangrist ekki frá samfélaginu.

Öll samfélagsþjónusta á líka að vera fyrir fatlað fólk og mæta þörfum þess.

Í 20. grein er fjallað um ferðaþjónustu og aðgengi:



Passa þarf að sjálfstæði fatlaðs fólks sé tryggt og að það geti farið allra sinna ferða.

Taka þarf í burtu allt sem hindrar það.

Auð·velda þarf fötluðu fólki að ferðast eins og það ákveður sjálf og á þeim tíma sem það vill.

Það á líka að auð·velda að·gengi fatlaðs fólks að hjálpar·tækjum.



Góð ferða·þjónusta og að·stoð starfs·fólks fyrir fatlaða á að vera að·gengi·leg og ódýr.

Í 21. grein er fjallað um frelsi til að segja skoðanir sínar og að·gengi að upp·lýsingum:



Fatlað fólk á rétt á því að tjá sig og segja skoðanir sínar eins og aðrir.

Passa þarf að fatlað fólk hafi að·gengi að þeim sam·skipta·að·ferðum sem henta hverjum og einum.

Fatlað fólk á rétt á upp·lýsingum sem eru fyrir alla. Til dæmis þegar opinber sam·skipti fara fram. Það á líka að hvetja fyrir·tæki, fjöl·miðla og aðra sem sjá um þjónustu til að fara eftir því.

Upp·lýsingarnar eiga að vera að·gengi·legar og skiljan·legar og mæta þörfum fatlaðs fólks. Til dæmis með blindra·lettri, tákn·máli, heyran·legum boðum, auð·skildum texta og öðrum tjá·skipta·leiðum.

Í 22. grein er fjallað um virðingu fyrir einka·lífi:



Einka·líf þýðir til dæmis fjöl·skyldu·líf, heimilis·líf, bréfa·skipti eða önnur sam·skipti.

Hvort sem fatlað fólk býr á stofnun, eigin heimili, herbergja·sam·býli, íbúðar·sambýli,

eða í sjálf-stæðri bú-setu, má ekki trufla einka-líf þess á ólög-legan hátt.

Það má heldur ekki niður-lægja fatlað fólk með orðum eða á annan hátt.

Fatlað fólk á rétt á því að lögin verndi það gegn þannig niður-lægjum.

Persónu-legar upp-lýsingar fatlaðs fólks eru trúnaðar-mál eins og hjá öðrum.

Í 23. grein er fjallað um virðingu fyrir heimilis-lífi og fjöl-skyldu-lífi:



Fatlað fólk á sama rétt og aðrir til að halda frjó-semi sinni, giftast, stofna fjöl-skyldu og eiga börn.


Fatlað fólk á rétt á fræðslu og stuðningi um fjöl-skyldu-mál og barna-uppeldi.

Það á að tryggja réttindi og ábyrgð fatlaðs fólks varðandi lög-ræði, for-ræði, fjár-hald og ætt-leiðingar barna.

Ekki má taka barn af foreldrum sínum gegn vilja þeirra, nema lög-leg yfir-völd ákveði það og bara ef það er nauð-synlegt til að passa upp á barnið.

Fötluð börn eiga rétt á að alast upp við fjöl-skyldu-aðstæður og hjá fjöl-skyldum sínum. Ef það er ekki hægt á að reyna að fá aðra úr fjöl-skyldunni til að annast barnið.

Í 24. grein er fjallað um réttinn til menntunar:




Fatlað fólk á rétt á við-eigandi hag-ræðingum til að jafna rétt þeirra til menntunar án þess að því sé mis-munun.

Fatlað fólk á rétt á menntun á öllum skóla-stigum og líka þegar kemur að sí-menntun, starfs-þjálfun og fullorðins-fræðslu.

Passa þarf að fatlað fólk nái sem bestum árangri í námi og félagsþroska svo það geti tekið fullan þátt í samfélaginu.

Fatlað fólk á rétt á því að kennarar séu með sérþekkingu á fötlunum og sérkennsluáferðum.

Í 25. grein er fjallað um réttinn til heilbrigðisþjónustu



Fatlað fólk á sama rétt og aðrir til að fá bestu heilbrigðisþjónustu sem hægt er að fá.

Bannað er að mis-muna fólki vegna þess að það hefur fötlun.

Heil·brigðis·þjónustan
skal vera í boði sem næst
heima·byggð.

Heil·brigðis·þjónustan á að
bjóða upp á greiningu og
upp·fylla þær þarfir sem
fatlað fólk hefur alveg frá
barns·aldri.

Með þjónustunni á að
draga úr og koma í veg fyrir
skerðingu sem leiðir til frekari
fötlunar.

Fatlað fólk á sama
rétt og aðrir til líf- og
sjúkdóma·trygginga.

Það má ekki neita fötluðu fólki
um heil·brigðis·þjónustu.

Í 26. grein er fjallað um hæfingu og endur-hæfingu:



Fatlað fólk á rétt á þjónustu sem ýtir undir sjálf-stæði, heil-brigði, félags-færni og þátt-töku í sam-félaginu á öllum sviðum lífsins.

Um leið og fötlun kemur í ljós á að bjóða upp á hæfingu.

Hæfingin skal veitt af fag·fólki,
við eðlilegar að·stæður,
nálægt heima·byggð og með
þeim tækjum sem völ er á.

Í 27. grein er fjallað um at·vinnu:



Fatlað fólk á rétt á atvinnu og
launum til jafns á við aðra.

Hinn almenni vinnu·markaður
skal vera að·gengilegur
fötluðu fólki. Til þess þarf
við·eigandi hagræðingu.


Tryggja þarf:

- Bann við mis·munun vegna fötlunar.
- Rétt fatlaðs fólks til vinnu·umhverfis sem er sann·gjarnt og hvetjandi.
- Jöfn tæki·færi og sömu laun fyrir sömu vinnu.
- Vinnu·um·hverfi sem er öruggt og heil·brigt.
- Vernd gegn áreitni.
- Vernd stéttar·félaga.

- Starfs·hæfingu á vinnu·stöðum.
- Sömu tæki·færi til starfs·frama.
- Tæki·færi til sjálf·stæðrar atvinnu, til dæmis með því að stofna fyrirtæki.
- Vinnu hjá ríki og sveitar·félögum.
- Stefnu·mótun og að·gerðir sem tryggja allt þetta.

Passa þarf að fatlað fólk sé ekki þvingað til þess að vinna.

Í 28. grein er fjallað um efnahags·lega stöðu og félags·lega vernd:



Fatlað fólk og fjöl·skyldur þess á rétt á fæði, klæði og hús·næði til jafns við aðra.

Fatlað fólk á rétt á að lífs·gæði þeirra séu bætt.

Það á að passa að fatlað fólk og fjöl·skyldur þess fái félags·lega vernd til jafns við aðra.

Þetta felur í sér að:

- Tryggja þarf aðgang að nauðsyn·legri þjónustu og að hún kosti ekki mikinn pening.
- Passa þarf sérstak·lega upp á stöðu kvenna, aldraðra og fjöl·skyldna sem eru fátækar.

- Passa þarf að fatlað fólk hafi sama aðgang og aðrir að félags·legum íbúðum.

- Fatlað fólk sem er aldrað á rétt á því að fá líf·eyri og aðra þjónustu eins og aðrir.

Í 29. grein er fjallað um þátt-töku í stjórn-málum og opinberu lífi:



Fatlað fólk á rétt á nýta sér stjórn-málaleg réttindi sín til jafns á við aðra.

Passa þarf að fatlað fólk geti tekið virkan þátt í stjórn-málum og stjórn-mála-umræðu hvort sem það er beint eða í gegnum tals-mann.

Passa þarf upp á að kosninga·réttur og rétturinn til að bjóða sig fram í kosningum sé virtur. Til dæmis með því að:

- Að hafa kosninga·ferlið ein·falt og auð·skiljanlegt og veita þjónustu sem mætir þörfum fatlaðs fólks.
- Passa að fatlað fólk fái að kjósa með leyni·legum hætti, eftir sínum vilja og fái sjálft að velja sér að·stoðar·mann.
- Tryggja að fatlað fólk geti stofnað sam·tök til að berjast fyrir sínum hags·munum.

Í 30. grein er fjallað um þátt·töku í menningar·lífi, tóm·stundum og íþróttum:



Fatlað fólk hefur sama rétt og aðrir til að taka þátt í menningar·lífi. Til dæmis eiga sjón·varps·þættir, kvik·myndir og leik·hús og annað menningar·efni að vera að·gengilegt fyrir alla.

Passa þarf að fatlað fólk hafi að·gengi að stöðum þar sem menning fer fram, til dæmis í leik·húsum, söfnum, kvik·mynda·húsum, bóka·söfnum og upp·lýsinga·stöðum fyrir ferða·menn.

Nýta á að skapandi og list·ræniir hæfi·leikar fatlaðs fólks gerir þjóð·félagið ríkara. Hvetja á fatlað fólk til að taka þátt í tóm·stundum og íþróttum í skólum.

Það á líka að hvetja og að·stoða fatlað fólk til að taka þátt í al·gengum íþróttu·greinum.

Fatlað fólk á líka að fá tæki·færi til að skipu·leggja og taka þátt í sér·stökum íþróttu·greinum fyrir fatlaða.

Passa þarf að fatlað fólk hafi að·gengi að ferða·manna·stöðum og byggingum þar sem fram fara íþróttir og tóm·stundir.

Passa þarf að börn með fötlun hafi jafnan að-gang til þátt-töku í tóm-stundum.

Fatlað fólk á rétt á að-gengi til jafns við aðra þegar verið er að skipu-leggja ferða-mála-, tóm-stunda- og íþróttá-viðburði.

Í 31.–50. grein er fjallað hvernig á að passa upp á að farið sé eftir þessum sátt-mála:

Það á að safna saman upp-lýsingum sem hjálpa til við að fram-kvæma sátt-málann.

Það þarf líka að ákveða hvaða opinbera stofnun á að annast eftirlit með sátt-málanum á Íslandi.

Ísland þarf að senda til Sam·einuðu þjóðanna skýrslu um hvað hafi verið gert til að fylgja sátt·málanum, fyrsta skýrslan á að koma eftir tvö ár, síðan á fjögura ára fresti.

Mikil·vægt er að vinna með hags·muna·sam·tökum fatlaðs fólks við að gera þessar skýrslur. Allir Íslendingar eiga líka að geta fylgst með og geta lagt til upplýsingar í hana.

Það á að stofna sjálf·stæða al·þjóð·lega nefnd sem tekur við skýrslum frá öllum löndum og hefur eftir·lit með og fylgist með fram·kvæmd þessa sátt·mála.

Það á að ræða stöðu þessa sátt·mála á þingi Sam·einuðu þjóðanna annað hvert ár.

Ísland skrifaði undir
sátt-málann 30. mars 2007
og Alþingi Íslendinga fullgilti
sátt-málann 20. september
2016.



Umbrot og hönnun

Gunnar Kr. Sigurjónsson

- Auglýsingahönnun
- Prófkalestur
- Bæklingagerð
- Bókaumbrot
- Vísnaverð
- Þýðingar
- Vefsmíði
- Ritstörf
- o.m.fl.

Netfang: gunnar@g10.is | Vefsíða: www.g10.is
Birkigrund 56, 200 Kópavogur | Sími: 564 3404 & 861 3404

Hljómsveitin

PRIMA

Ódýr tveggjanna hljómsveit m/öll skemmtilegu lögin!

Sími: 861 3404

Netfang: gunnar@g10.is

Veffang: prima.g10.is